


# - LÖGREGLU -
# MAÐURINN

2. tbl. - 2009

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 25. árgangur 2009 - 66. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Teikning: Logi Jes
Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssam-
bandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.ll.bsrb.is








## Efnisyfirlit...

Ánægja með störf lögreglunnar .................... 4
Félagsstuðningur .......................................... 8
Sumarferð lífeyrisþegadeildar .................. 10
Þrekpróf lögreglumanna .......................... 14
Skýrslutaka hjá lögreglu .......................... 16
Íþróttir .................................................... 23





# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið

## Breytingaþreyta, -reiði, -leiði og –vonbrigði?



*Enn á ný stendur lögreglan á Íslandi á tímamótum. Þessi 206 ára gamla stofnun þjóðarinnar skal, eitt skiptið enn, ganga í gegnum breytingar. Breytingar sem, eins og staðan blasir við núna, eru gerðar með það að markmiði að ná fram auknu hagræði og sparnaði í rekstri hennar.*

*Það er í sjálfu sér, afar göfugt og sjálfsagt markmið að fara vel með almannafé. Á því bera þeir ábyrgð, sem til þess eru kosnir til setu á Alþingi Íslendinga. Það kemur þó að því, á einhverjum tímapunkti, að ekki er hægt að draga seglin saman öllu meira án þess að það hafi veruleg áhrif á þá þjónustu sem ber að halda úti. Sá tími er, að mati LL, löngu kominn!*

*Árið 1997 gekk lögreglan í gegnum miklar breytingar með niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins og stofnun embættis Ríkislögreglustjórans (RLS). Sýndist þar sitt hverjum.*

*Árið 2007 gekk lögreglan í gegnum enn einar breytingarnar með fækkun lögregluembætta úr tuttugu og sex (26) í fimmtán (15) plús RLS og lögregluskólinn. Þar sýndist einnig sitt hverjum.*

*Fyrrverandi dómsmálaráðherra hafði, s.l. haust, boðað frekari fækkun og stækkun lögregluembætta úr fimmtán (15) í sex (6) og enn á ný sýndist þar sitt hverjum, eðli máls samkvæmt.*

*Nú hefur starfandi dómsmálaráðherra boðað grundvallarbreytingar á lögreglunni í þá átt að í landinu verði starfandi aðeins einn (1) lögreglustjóri. Það má ljóst vera að sitt mun hverjum sýnast með þær tillögur einnig!*

*Í öllum þeim breytingum, sem lögreglan hefur gengið í gegnum, hefur LL tekið þátt og starfað að breytingunum af heilindum og sannfæringu.*

*Það er ljóst að mörg, af þeim skrefum, sem þarf að stíga, til að ná fram yfirlýstum markmiðum boðaðra breytinga núna, verða afar þung og í raun óyfirstíganleg að mati LL, ef þær eiga að ná fram að ganga í óbreyttri mynd. Vegur þar þyngst að breytingarnar munu hafa gríðarleg áhrif á launakjör lögreglumanna og mögulegan framgang þeirra innan stéttarinnar. Þessi markmið nást tæplega fram nema samhliða verði gripið til annarra aðgerða til að auðvelda innleiðingu breytinganna og minnka þann sársauka sem þær annars kunna að valda með tilheyrandi uppsögnum. Það er ljóst að LL mun ekki geta stutt breytingar sem hafa það, sem eitt af meginmarkmiðum að fækkun verði í stéttinni hvort heldur það er í „efri“ eða „neðri“ lögum hennar enda fækkunin orðið slík í lögreglu að ekki verður unað við slíkt ástand öllu lengur.*

*Leið að þeim markmiðum, sem dómsmálaráðherra hefur kynnt, er að fara í sérstaka skoðun á verkefnum lögreglu (grunnþjónustu). Rétt er þó, að mati LL, að skoða „grunnþjónustuna“ út frá öðrum viðmiðum þ.e. öryggis- og þjónustustigum, eins og LL hefur ítrekað bent á bæði í ræðu og riti. Þar liggur beinast við að velta fyrir sér þeim verkefnum, sem lögregla er að sinna í dag, og taka um það meðvitaðar ákvarðanir að hætta að sinna einhverjum þeirra. Sú nálgun er í anda þess að skilgreina annarsvegar öryggis- og hinsvegar þjónustustig lögreglu. Hér þarf, á sama tíma, að gera sér grein fyrir því að verkefni lögreglu eru afmörkuð í hvorutveggja lögum og reglugerðum. Þannig sést t.d. þegar leitað er að orðinu „lögregla“ á vef Alþingis að eitthundrað og ellefu (111) lög kveða á um aðkomu lögreglu að hinum ýmsu verkefnum. Við leit á vefnum reglugerd.is sést að hvorki meira né minna en tvöhundruð fimmtíu og sex (256) reglugerðir kveða á um aðkomu lögreglu að verkefnum allt frá „fjárkláða“ upp í rannsóknir viðamikilla efnahagsbrota. Við þessa yfirferð má því gera ráð fyrir því að löggjafinn hafi, með áðurnefndum laga- og reglugerðarsetningum, tekið um það meðvitaða ákvörðun að það sem í þessum eitthundrað og ellefu lögum og tvöhundruð fimmtíu og sex reglugerðum felst sé því í raun „grunnþjónusta“ lögreglu. Lögregla getur ekki, nema að breyttum lögum, ákveðið það með sjálfri sér að hætta að sinna einhverjum af þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Það sem ekki kemur fram í þeim lögum og reglugerðum, sem áður hefur verið minnst á, teljast því varla til verkefna sem lögreglu ber að sinna. Eða hvað?*

*Það hefur komið berlega fram, undanfarnar vikur, mánuði og ár, að lögreglumenn eru ósáttir. Ósáttir m.a. við þá útkomu sem orðið hefur í kringum þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögreglunni í gegnum árin og þau áhrif, sem þær breytingar hafa haft á launakjör lögreglumanna, til hins verra. Sú var enda niðurstaða nýlegs framlengingarsamkomulags gildandi kjarasamnings lögreglumanna, sem undirritaður var í kjölfar svokallaðs „stöðugleikasáttmála“ aðila vinnumarkaðarins. Framlengingarsamkomulagið var fellt með um 91% atkvæða en slík niðurstaða hefur ekki sést áður í kosningu meðal félagsmanna LL. Vinna við úrlausn þess vanda, sem við blasti með því að framlengingarsamkomulagið var fellt, er nú undir forystu ríkissáttasemjara. Í þeirri vinnu þarf m.a. að horfa til atriða, sem munu hafa áhrif á þær breytingar sem boðaðar hafa verið á lögreglunni í landinu s.s. aðalkjarasamning, stofnanasamning, starfsstigareglugerð o.fl. Ekki verður hægt, að mati LL, að hrinda boðuðum breytingum á lögreglunni í gegn, nema sú vinna, sem nú fer fram í húsnæði ríkissáttasemjara haldist í hendur við breytingavinnuna.*

# Ritstjórapistill



*Forsíðumyndin að þessu sinni er teiknuð af Loga Jes Kristjánssyni lögreglumanni og það er ánægjulegt að geta tilkynnt lesendum blaðsins að myndir frá honum verða fastir liðir í næstu tölublöðum.*

*Ég vil jafnframt minna lögreglumenn sem og aðra lesendur blaðsins á að láta í ljósi skoðanir sínar á efni blaðsins, koma á framfæri ábendingum um atriði sem betur mættu fara og ekki síst að skrifa greinar sem ætlaðar eru til birtingar í blaðinu. Athugasemdum, ábendingum og greinum má koma á framfæri á netföngin steinar@bsrb.is eða ll@bsrb.is.*

*Þann 1. október nk. koma fram fjárlög næsta árs. Eftir þeim er beðið líkt og áður en nú með óttablandinni tilfinningu í brjósti. Þá verður settur fjárhagslegur rammi hins opinbera fyrir árið og hinn kaldi veruleiki mun blasa við íslenskum almenningi. Í formannshorni Snorra Magnússonar er að mínu mati gerð mjög góð grein fyrir þeirri stöðu sem er uppi hjá lögreglunni og hve miklar breytingar lögreglan hefur raunverulega gengið í gegnum á stuttum tíma. Því miður verður víst ekki hjá frekari breytingum komist þrátt fyrir að viðurkennt sé að á þvílíkum tímum sem við lifum nú sé nauðsynlegt að efla og styrkja lögregluna og að tryggja að hún sé í stakk búinn til að takast á því þau verkefni og álag sem blasa við. Mikilvægt er að staðið verði vel að væntanlegum breytingum og hagsmunum félagsmanna verði gætt í hvívetna og þeir settir í forgrunn. Mér finnst að nú loks sé vaxandi skilningur hjá ráðamönnum fyrir því að embættismannakerfi líkt og lögreglan er, eigi erfiðara með að laga sig að þrengri fjárhagsramma en ýmis annar opinber rekstur og að skoða þurfi því sértækar lausnir samhliða hinum almennu breytingum.*

*Það er von mín að á raddir forsvarsmanna LL verði hlýtt og mark verði á okkur tekið. Ég tel það einu von þess að ró náist meðal lögreglumanna og að starfsöryggi stéttarinnar verði tryggt með viðunandi hætti – þjóðinni til heilla. Við munum a.m.k. leggja okkur alla fram til að það verði að veruleika.*

# Ánægja með störf lögreglunnar eykst milli ára





*Pétur Berg Matthíasson*

**Í apríl síðastliðnum var árleg þolendakönnun fyrir allt landið gerð í annað sinn og tekur hún til ársins 2008. Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stóðu sem fyrr að þessari könnun. Með þolendakönnunum er annars vegar aflað upplýsinga um reynslu borgaranna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur og hins vegar er verið að meta störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu.**

Þessi þolendakönnun gefur að hluta til mynd af mati svarenda á starfi lögreglunnar á því tímabili sem mikið óvissuástand hafði skapaðst í tengslum við bankahrunið í október. Í kjölfar bankahrunsins hefur innbrotum, þjófnuðum og mótmælum fjölgað á sama tíma og lögreglan hefur að einhverju leyti haft minni tíma til að sinna frumkvæðisverkefnum eins og umferðareftirliti og fíkniefnaeftirliti. Því verður mjög áhugavert að sjá á næsta ári hvort það ástand sem skapast hefur í þjóðfélaginu á þessu ári endurspeglist að einhverju leyti í breyttu viðhorfi almennings til þjónustu lögreglunnar.

Í fyrra, þegar hafist var handa við að undirbúa fyrstu þolendakönnunina á landsvísu, var ákveðið að skipta lögregluumdæmunum upp í svæði eftir búsetu. Með því að fara þessa leið gafst tækifæri til að fá betri upplýsingar um stöðu og þróun mála eftir landsvæðum í staðinn fyrir eina heildartölu fyrir allt landið. Það hefði verið of kostnaðarsamt að gera sérstaka könnun fyrir hvert og eitt umdæmi og því var fallið frá þeirri hugmynd.

*Um 92% svarenda í könnuninni töldu að lögreglan skilaði mjög eða nokkuð góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í þeirra hverfi. Þetta er aukning frá árinu 2007*

### *Lögregluumdæmin voru flokkuð á eftirfarandi hátt:*

**Höfuðborgarsvæðið:**
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
**Suðurnes:**
Lögreglan á Suðurnesjum.
**Vesturland/Vestfirðir:**
Lögreglan á Vestfjörðum, Snæfellsnesi, í Borgarnesi og á Akranesi.
**Norðurland:**
Lögreglan á Akureyri, Blönduósi, Húsavík og Sauðárkróki.
**Austurland:** Lögreglan á Eskifirði og Seyðisfirði.
**Suðurland:** Lögreglan á Selfossi, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum.

Hér að neðan er fjallað um helstu niðurstöður þolendakönnunarinnar og landsvæðin skoðuð sérstaklega. Hafa ber í huga að þolendakönnunin sem gerð var í apríl 2009 tekur til ársins 2008 og þolendakönnunin sem gerð var árið 2008 tekur til ársins 2007.

### *Að stemma stigu við afbrotum og aðgengi að lögreglunni*

Um 92% svarenda í könnuninni töldu að lögreglan skilaði mjög eða nokkuð góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í þeirra hverfi. Þetta er aukning frá árinu 2007 en þá töldu 88% lögregluna skila mjög eða nokkuð góðu starfi. Minnst var ánægjan með störf lögreglunnar á Suðurnesjum en þar voru engu að síður 85% svarenda mjög eða nokkuð ánægð með hana, sem er sama hlutfall og árið 2007. Mest var ánægjan á Norðurlandi og Suðurlandi, en þar töldu um 95% svarenda að lögreglan væri að skila mjög eða nokkuð góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í þeirra hverfi.

Aðgengi að lögreglunni skiptir miklu máli, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að að halda. Um 77% telja aðgengið að lögreglunni í byggðarlagi þeirra vera mjög eða frekar gott. Þetta er aukning frá árinu 2007 en þá var hlutfallið 72%. Mat svarenda á aðgengi að lögreglunni er nokkuð




mismunandi en mest meta íbúar það á Norðurlandi, Suðurlandi og á Vesturlandi/Vestfjörðum, en þar telja um 84% lögregluna mjög eða frekar aðgengilega. Á Suðurnesjum mátu 72% svarenda lögregluna mjög eða frekar aðgengilega. Árið 2007 töldu einungis 64% íbúa á Austurlandi lögregluna aðgengilega en árið 2008 voru það um 73%, sem er þó nokkur aukning milli ára. Sérstaklega er áhugavert að sjá hve aðgengilega fólk metur lögregluna á jafn dreifbýlu svæði og Vestfirðir eru.

### *Öryggistilfinning og vandamál í hverfum*

Það er mjög mismunandi eftir landsvæðum hvað svarendur telja vera mesta vandamálið í sínu hverfi. Miklar breytingar urðu milli ára á mati svarenda en í þessari könnun töldu um 40% að innbrot væru mesta vandamálið. Þetta er mikil aukning frá árinu 2007 en þá töldu um 22% svarenda innbrot vera mesta vandamálið. Þeim hefur fækkað verulega sem telja umferðarlagabrot mesta vandamálið í sínu byggðarlagi, eða úr 39% í 26% árið 2008.

Um 55% svarenda á höfuðborgarsvæðinu telja innbrot vera mesta vandamálið en á Suðurlandi eru það um 34% svarenda. Innbrot eru ekki talin sérstaklega mikið vandamál á Norðurlandi, Austurlandi eða Vesturlandi/Vestfjörðum, þar eru hins vegar umferðarlagabrot og fíkniefnaneysla mesta vandamálið að mati svarenda. Á höfuðborgarsvæðinu töldu aðeins um 7% fíkniefnaneyslu vera mesta vandamálið, hins vegar er það mesta vandamálið á Suðurnesjum að mati svarenda.

Þátttakendur voru spurðir hversu öruggir eða óöruggir þeir teldu sig vera þegar þeir væru einir á

MALBIKUN KM
MÍMIR símenntun
Grand Rokk Reykjavík
Reykjavíkurborg Bílastæðasjóður

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

**Reykjavík**

1912 ehf.
Klettagörðum 19
2001 ehf.
Hverfisgötu 49
A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
About Fish Íslandi ehf.
Tryggvagötu 16
Alefli ehf. - Byggingaverktakar
Þarabakka 2
Alhliða pípulagnir
Bæjarflöt 6
Alkul ehf.
Funahöfða 7
Alvarr ehf. - boranir og
verkfræðiþjónusta
Skipholti 68
Alþjóðlegar bifreiðatryggingar
á Íslandi
Borgartúni 35
Antikmunir
Klapparstíg 40
Appelbúðin - Laugavegi 182
Laugavegi 182
Arctic rafting ehf.
Laugavegi 11
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Asía ehf.
Laugavegi 10
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Árbæjarapótek ehf.
Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf.
Laugavegi 170
Ásfell ehf.
Fremristekk 11
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Babysam á Íslandi - BS ehf.
Skeifunni 8
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Barmahlíð ehf.
Hraunbæ 102
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Betri bílar ehf.
Skeifunni 5 c
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílamálun Pálmars ehf
Vagnhöfða 20
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílastofan ehf.
Bíldshöfða 18
Bílaverkstæði Jóns T.
Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílvirkinn ehf.
Súðarvogi 46
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blikksmiðurinn hf.
Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm
Háaleitisbraut 68
Blómastofa Friðfinnss
Suðurlandsbraut 10
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbílastöðin ehf.
Skúlatúni 2
Bortækni ehf
Vagnhöfða 19
Bókaútgáfan Salka ehf
Skipholt 50c
Bókhaldsstofa
Ingimundar T. Magnússonar
Ármúla 15
Bókhaldsþjónusta Arnar
Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Ármúla 29
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf
Bergstaðarstræti 2
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Bón-Fús
Flétturima 27
Breiðholtskirkja
Þangbakka 5
Brynja ehf. verslun
Laugavegi 29
Bræðurnir Ormsson ehf.
Síðumúli 9
BSRB
Grettisgötu 89
Búsáhöld ehf
Kringlunni 8-12
Byggingafélag
Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Cabin ehf.
Borgartúni 32
Celtic Cross ehf.
Pósthólf 399
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Dímon Lína ehf.
Súðarvogi 6
Dreifing ehf.
Vatnagörðum 8
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
EJS hf.
Grensásvegi 10
Ellen Ingvadóttir lögg.
dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
EMAX ehf.
Ármúla 1
Endurskoðun
Péturs Jónssonar ehf.
Barmahlíð 34
Englar og Rósir ehf.
Lóuhólum 2-6
Exís ehf.
Bíldshöfða 12
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Skólavörðustíg 13
Farmanna- og
fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Eldshöfða 23
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Óðinsgötu 4
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferðamálastofa Íslands
Lækjargötu 3
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurflugvelli
FoodCo ehf
Bolholti 4
Formprent
Hverfisgötu 78
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur
ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Frjálsíþróttasamband Íslands
Laugardal
Frumherji hf.
Hesthálsi 6-8
Frumkönnun ehf
Eldshöfða 1
Fröken Júlía ehf
Álfabakka 14a
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Garri ehf.
Lynghálsi 2
Geiri ehf.
Bíldshöfða 16
GG - Optik ehf.
Kringlunni 4-12
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gistiheimili
Snorra Sturlusonar ehf.
Snorrabraut 61
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Ármúla 42
GM Verk ehf.
Stórhöfða 35
Gnýr sf.
Stallaseli 3
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Grillhúsið Tryggvagötu
Tryggvagötu 20
Bryggjuhús
Gró ehf.
Skútuvogi 10b
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gufubaðstofan L 176
Laugavegi 176
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Gunnar Helgason hrl.
Vesturgötu 7 íb. 208
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
H 10 ehf.
Spönginni 37
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hafnarsmiðjan ehf
Grandagarði 18
Hageyri ehf.
Höfðabakka 1
Hamborgarabúllan
Bíldshöfða 18
Harðfisksalan ehf.
Hólmaslóð 6
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Óðinsgötu 4
Háfell ehf.
Skeifunni 11
Hárgreiðslustofa Greiðan ehf
Háaleitisbraut 58-60
Hársnyrtistofa Dóra
Langholtsvegi 128
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Austurstræti 10a
HIS og Hlölli
Krókhálsi 5
Hitastýring hf.
Ármúla 16
Hjálparsími
Rauða krossins er 1717
Laugavegi 120
Hjálpræðisherinn
á Íslandi
Box 372
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hlynur Jörundsson ehf.
Fellsmúla 18, Kjallari
Hókus Pókus
Laugavegi 69
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé
Þórsgötu 1
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Engjategi 5
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
HU - Vegamót
Vegamótastíg 4
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
Húsafriðunarnefn ríkisins
Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Húsasmiðurinn ehf.
Hyrjarhöfða 6
Húsið fasteignamiðl. ehf.
Suðurlandsbraut 50
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf.
Ægisgarði 7
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Iceland Travel ehf.
Skútuvogi 13a
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Intrum á Íslandi ehf.
Laugavegi 99
Íhlutir ehf.
Skipholti 7
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Vagnhöfða 7
Ísold ehf, hillukerfi
Nethyl 3
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Íþróttabandalag Reykjavíkur
Engjavegi 6
Jens Guðjónsson hf.
Stigahlíð 45-47
Jóhannes Long ljósmyndari
Ásholti 2
Jón og Óskar
Laugavegi 61
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
K.H.G. þjónustan ehf.
Eirhöfða 14
Kaffi Paris
Austurstræti 12
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Karton hf.
Höfðabakka 9
Katla - Eðal hf.
Kletthálsi 3
Kemi ehf.
Tunguhálsi 10
Kjúklingastaðurinn
Suðurveri ehf
Fljótaseli 16
Kjörgarður - Laugavegi 59
Laugavegi 59
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Klapparholt ehf.
Esjugrund 68
Klipphúsið ehf.
Bíldshöfða 18
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kognam - Núðluhúsið ehf
Laugavegi 59
Kópsson ehf
Malarhöfða 2a
Kórund Kort ehf.
Skútuvogi 13
Kvikk þjónustan ehf
Bíldshöfða 18 bakhús
Lagnagæði ehf.
Flúðaseli 94
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landsnet hf
Gylfaflöt 9
Landssamband slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Leigulistinn
Skipholti 50b
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Ljósin ehf
Trönuhólum 14
Lækjarbrekka
Bankastræti 2
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Borgartúni 25
Lögfræðistofa Sóleyjargata 17 sf.
Sóleyjargötu 17
Löggarður ehf.
Kringlunni 7, 7. hæð
Lögmannastofa Helgu
Leifsdóttur
Langholtsvegi 89
Lögmannastofan
Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsstofa Björgvins
Þorsteinssonar hrl. ehf.
Tjarnargötu 4
Lögmannsstofa
Jóns G. Briem hrl.
Skipholti 50b
Lögmenn Árbæ
Nethyl 2
Lögmenn Borgartúni 33
Borgartúni 33
Lögmenn ehf.
Björgvin Jónsson hdl
Skipholti 50d
Lögreglufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Lögreglustjórinn á
Höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 115

gangi í eigin hverfi eftir myrkur. Einnig voru þeir spurðir hversu öruggir eða óöruggir þeir töldu sig vera við sömu aðstæður í miðborg Reykjavíkur um helgar. Um 92% svarenda sögðust mjög eða frekar öruggir er þeir væru einir á gangi að kvöldi í sínu byggðarlagi. Þetta er nánast sama hlutfall og árið 2007. Á Norðurlandi gætir minnst óöryggis í eigin hverfi, en þar eru 2,5% sem meta sig frekar eða mjög óörugg. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum töldu um 11% sig vera frekar eða mjög óörugg þegar þau væru ein á gangi í sínu eigin hverfi að kvöld til.

Einungis um þriðjungur svarenda taldi sig frekar eða mjög öruggan þegar þeir væru einir að gangi að kvöldi í miðborg Reykjavíkur um helgar. Lítil sem engin breyting mældist milli ára. Þó nokkur munur er meðal fólks eftir búsetu, t.a.m. telja um 37% íbúa á höfuðborgarsvæðinu en um 24% íbúa í öðrum landsvæðum sig frekar eða mjög örugg í miðborginni um helgar. Áberandi munur mældist milli kynja en lítil breyting varð milli ára. Um 49% karla töldu sig frekar eða mjög örugga meðan einungis 17% kvenna töldu sig örugg einar að gangi í miðborg Reykjavíkur um helgar eftir myrkur. Einnig mátti greina mun milli aldursflokka, nemar og ungt fólk taldi sig mun öruggara en eldra fólk og ellilífeyrisþegar.

Það kemur ef til vill ekki á óvart að yfir helmingur svarenda óttaðist mest að verða fyrir innbroti, eða um 54% sem er um 14% fjölgun milli ára. Þeim fækkaði mest sem óttuðust að verða fyrir líkamsárás, voru árið 2008 um 25% samanborið við 36% árið 2007. Á Suðurlandi sögðu um 61% svarenda að þeir óttuðust mest að verða fyrir innbroti, en eins og áður hefur komið fram telur um þriðjungur Sunnlendinga innbrot vera mesta vandamálið. Á höfuðborgarsvæðinu óttuðust um 56% svarenda að verða fyrir innbroti en fæstir óttuðust það á Austurlandi, eða um 35% svarenda. Flestir óttuðust að verða fyrir þjófnaði á Austurlandi, eða um 12% svarenda og um 36% óttuðust að verða fyrir líkamsárás á Norðurlandi.

### *Ánægja með þjónustu og sýnileiki lögreglunnar*

Um 79% þeirra sem þurftu að leita til lögreglu á árinu 2008 voru frekar eða mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu hjá lögreglunni. Þetta er um 5% aukning frá árinu 2007. Mestrar óánægju gætti með þjónustu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en 25% svarenda mældust frekar eða mjög óánægð. Flestir voru frekar eða mjög ánægðir með þjónustu lögreglunnar á Suðurlandi eða um 91% svarenda.

Þegar á heildina er litið kom þessi þolendakönnun mjög vel út fyrir lögregluna. Fólk er almennt ánægðara með þjónustuna en áður og telur að lögreglan vinni gott starf við að stemma stigu við afbrotum í þeirra hverfi. Lítil breyting varð aftur á móti á tveimur þáttum milli ára. Annars vegar var það öryggistilfinning almennings að kvöldi til í miðborg Reykjavíkur um helgar, sem stóð nánast í stað, og hins vegar var það sýnileiki lögreglunnar sem var aðeins minni að mati svarenda árið 2008 samanborið við fyrra ár.

Árið 2007 voru það um 32% sem sáu lögreglumann eða lögreglubíl í sínu byggðarlagi oft eða nær daglega en árið 2008 voru það um 30%. Um 8% sögðust aldrei sjá lögreglumann eða lögreglubíl sem er svipað og var árið 2007. Einungis um 17% svarenda sáu lögreglubíl eða lögreglumann oft á dag eða nær daglega á höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti töldu um 60% svarenda á Vesturlandi/Vestfjörðum og Suðurnesjum sig sjá lögreglumann eða lögreglubíl oft á dag eða nær daglega. Flestir voru þeir þó á Austurlandi, eða um 68%. Þetta verður að teljast mjög hátt hlutfall.

Þar sem erfitt er að draga ályktanir um sýnileika lögreglu kann það vel að vera að þegar 30% svarenda segjast sjá lögreglumann eða lögreglubíl oft á dag eða nær daglega sé það nokkuð gott. Aftur á móti fækkar þeim sem telja sig sjá hana oft á dag eða nær daglega og það gengur að vissu leyti gegn því markmiði lögreglunnar að auka sífellt sýnileika hennar.

Niðurstöður úr könnuninni gefa vísbendingu um hvar lögreglan þarf að bæta sig og hvar hún stendur sig vel. Ríkislögreglustjóri leggur því mikla áherslu á að lögreglustjórar taki mið af þessum niðurstöðum við gerð næstu ársáætlana. Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar í heild sinni á vef lögreglunnar.

***Pétur Berg Matthíasson,***
***stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur,***
***starfar á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra***

*Það kemur ef til vill ekki á óvart að yfir helmingur svarenda óttaðist mest að verða fyrir innbroti, eða um 54% sem er um 14% fjölgun milli ára.*

ÚR Í ÓTRÚLEGU ÚRVALI




MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - sími 511 1900 - www.sviss.is

*Ólafur Örn Bragason:*

# Félagastuðningur

## – hluti af menningu lögreglunnar



*Ólafur Örn Bragason*

**Umræða um stuðning við lögreglumenn í kjölfar erfiðra verkefna hefur lengi verið áberandi innan lögreglunnar bæði hér á landi og erlendis. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á tengsl milli starfsins og áfallastreitueinkenna sem aftur geta leitt til aukinna erfiðleika í fjölskyldulífi og starfsþrota. Það er því til mikils að vinna með því að bjóða upp á fagþjónustu fyrir lögreglumenn. Margt má þó gera til að draga úr þörfinni á fagþjónustu, t.d. með stuðningi manna á milli. Með því að bjóða upp á samtal við félaga sinn og hlusta á sér stað ákveðin viðrun og úrvinnsla á þeim erfiðleikum sem viðkomandi gengur í gegnum. Einnig geta félagarnir bent á þá fagaðstoð sem til staðar er og hvatt til að hún sé nýtt. Í pistli þessum mun ég fara yfir þróun stuðnings við lögreglumenn síðastliðin ár sem nefnt hefur verið í einu orði félagastuðningur. Grunnhugmynd félagastuðnings er sú að á hverjum vinnustað er fólk sem þægilegt er að tala við; hefur þægilega nærveru og það nýtur trausts. Þetta fólk hefur nú þegar verið að veita félagastuðning, þó ekki með kerfisbundnum eða formlegum hætti. Með því að koma á fót formlegu kerfi utan um þennan stuðning er hægt að nýta þetta fólk betur með því að þjálfa það sérstaklega í að veita félagastuðning og gera starf þeirra markvissara.**

### *Hver er staðan á þróunarverkefni lögreglunnar um félagastuðning?*

Að frumkvæði Landssambands lögreglumanna (LL) árið 2005 hófst samstarf ríkislögreglustjóra (RLS) og LL á sviði stuðnings við lögreglumenn með styrk frá dómsmálaráðherra. Að þróun verkefnisins komu lögreglumenn frá lögreglunni í Reykjavík, Lögregluskólanum og LL. Árið 2007 hófst innleiðing þess skipulags sem nú er komið á hjá öllum lögregluembættum. Hér verður greint frá stöðu þróunarverkefnisins.

Alls hafa 83 lögreglumenn sótt námskeið í félagastuðningi við Lögregluskóla ríkisins og hafa þeir því grunnþekkingu á að ljúka erfiðri vakt með viðrunarfundi auk þess að geta metið hvenær þörf sé á slíkum fundi. Viðrunarfundur er stuttur fundur í lok vaktar þar sem hver og einn lögreglumaður segir frá aðkomu sinni að atburði. Þannig fara allir af vaktinni með heildstæða mynd af því sem gerðist. Sé þess óskað kemur sálfræðingur og heldur fræðslufund með lögreglumönnum innan 1 – 4 daga frá því að atburðurinn átti sér stað. Tilgangur þess fundar er að fræða lögreglumenn um eðlileg viðbrögð við erfiðum verkefnum auk þess sem þeim er bent á þá fagþjónustu sem stendur þeim til boða. Stundum er fræðslufundur ekki í hóp heldur á einstaklingsgrundvelli hjá sálfræðingi.





Þurfi lögreglumaður frekari stuðning stendur honum til boða sálfræðiþjónusta eða önnur fagþjónusta, honum að kostnaðarlausu.

Stuðningsfélagar eiga að þekkja þann fagstuðning sem í boði er og vita hvernig hægt er að koma þeim sem á þarf að halda til fagmanna en undirritaður veitir einnig ráðgjöf til allra lögreglumanna, bæði þeirra sem veita félagastuðning og þeirra sem eiga í vanda. Alls hafa um 50 lögreglumenn fengið fagstuðning vegna uppsafnaðs álags eða erfiðra verkefna á einstaklingsgrundvelli allt frá einu viðtali að 10 viðtölum, eftir þörfum hvers og eins. Flestum hefur verið vísað til sálfræðings en einnig hefur verið vísað á prest og lækni.



### *Stuðningsferli félagastuðnings*

Ekki er nægjanlegt að þjálfa lögreglumenn til að styðja félaga sína; það er einnig nauðsynlegt að tryggja fagþjónustu til að félagastuðningur nái fram markmiðum sínum. Til að mæta þeirri þörf hefur embætti ríkislögreglustjóra gert samning við sálfræðiþjónustuna Líf og sál. Samningurinn tók gildi um síðustu áramót og síðan þá hefur fjöldi lögreglumanna nýtt sér þjónustuna. Vissulega mættu fleiri nýta sér þessa þjónustu miðað við þarfagreiningu sem unnin var 2008. Einnig er viðbúið að aukið álag á lögreglumenn bæði í starfi (t.d. mótmæli) og einkalífi (t.d. harðnandi efnahagur) auki enn á þá streitu sem lögreglumenn upplifa.

Að lokum má nefna að stuðningur frá þeim sem standa manni næst getur dregið mjög úr áhrifum streituvalda. Oft er engu líkara en að erfiðleikar og áföll þjappi fólki saman og dragi úr uppnámi. Það er mín von að aukinn stuðningur félaga í milli verði til þess að þjappa lögreglumönnum betur saman á þessum erfiðu tímum.

Fullkomið skipulag stuðnings fyrirfinnst hvergi og þeim sem hafa hugmyndir um breytta eða bætta útfærslu er velkomið að hafa samband við mig. Einnig er þess vert að geta að ríkislögreglustjóri skipaði nýverið stýrihóp til að fylgja skipulagi félagastuðnings eftir og endurskoða þá þjónustu sem í boði er til að hún verði markvissari og nái til sem flestra sem á henni þurfa að halda. Í stýrihópnum eiga sæti, auk fulltrúa RLS, fulltrúar Landssambands lögreglumanna, Lögreglustjórafélagsins, Lögregluskóla ríkisins, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og lögreglu-stjórans á Selfossi.

***Höfundur lauk meistaranámi í réttarsálfræði frá Háskólanum í Surrey á Englandi 2003 og námi í klínískri sálfræði frá Háskóla Íslands 2004. Hann starfar sem verkefnisstjóri, m.a. á sviði félagastuðnings hjá stjórnsýslusviði embættis ríkislögreglustjóra.***

*Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á tengsl milli starfsins og áfallastreitueinkenna sem aftur geta leitt til aukinna erfiðleika í fjölskyldulífi og starfsþrota. Það er því til mikils að vinna með því að bjóða upp á fagþjónustu fyrir lögreglumenn.*



# Sumarferð

## lífeyrisþegadeildar LL árið 2009



*Fjögur frækinn: Adolf, Ósk, Axel og Kristbjörg*

**Miðvikudaginn 1. júlí sl. var hin árlega sumarferð lífeyrisþegadeildarinnar farin og að þessu sinni var förinni heitið til Vestmannaeyja. Lagt var af stað að venju frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu og voru það 46 einstaklingar sem mættu galvaskir til leiks en tveir bættust svo við í Þorlákshöfn og því voru alls 48 í ferðinni. Á leiðinni til Þorlákshafnar hélt Þórunn Lárusdóttir uppi stemningunni og fóðraði mannskapinn með ýmsum fróðleik um Vestmannaeyjar og kann LL henni bestu þakkir fyrir hennar hlut í ferðinni. Skemmst er frá því að segja að veðrið var yndislegt allan tímann eins og jafnan hefur verið undanfarin ár í ferðum deildarinnar og var haft á orði að hópurinn ætti að ferðast oftar á ári þar sem það væri trygging fyrir góðu veðri!**

Í Þorlákshöfn beið Herjólfur hópsins og siglingin til Eyja gekk vel enda sjólag gott. Komið var til Vestmannaeyja um miðjan dag og byrjað var á að koma sér fyrir á Hótelinu Þórshamri og Gistiheimilinu Hamri en hópurinn þurfti að skipta sér á þessa tvo staði. Það var svolítið óheppilegt en betra hefði verið ef allur hópurinn hefði átt þess kost að gista á Þórshamri. Þetta kom þó ekki mjög að sök enda



***Rúna og Guðmundur.***



***Skipstjórinn ógurlegi!***



***Guðjón, Jóhann Löve og Guðmundur Ingi.***

hópurinn afar jákvæður í alla staði og lét þetta ekki trufla sig.

Seinni hluti dagsins var nýttur til að fara í skoðunarferð um eyjuna með rútu og skipulagðri leiðsögn og var það afar áhugavert og vel heppnað. Farið var „víða“ og allir helstu staðirnir skoðaðir, m.a. var farið út á Stórhöfða þar sem aðallundavarpið er en því miður er töluvert minna um fugl nú en fyrri ár. Að lokinni skoðunarferðinni var snæddur kvöldverður á veitingastaðnum Fjólunni sem er á hótelinu. Maturinn var einstaklega góður, vel var veitt og svo virðist sem lambakjötið í Eyjum sé alveg einstaklega gott. Það voru því vel mettir og ánægðir ferðalangar sem lögðust á koddana að loknum fyrri degi ferðarinnar.

Að loknum morgunverði á fimmtudeginum var ferðinni heitið á lögreglustöðina en þar tók á móti hópnum hann Geir Jón Þórisson sem staddur var í orlofi í Vestmannaeyjum. Að lokinni heimsókninni var farið í fiska- og náttúrugripasafnið sem stofnað var árið 1964 og var það mjög áhugavert og fræðandi enda þar mikið safn af fiskum, fuglum og steinum. Að þessu loknu var borðaður hádegisverður á veitingastaðnum Kaffi Kró þar sem boðið var upp á lasagna og jafnframt sýnd heimildamynd um gosið í Vestmannaeyjum árið 1973. Maturinn var mjög góður og heimildamyndin mjög áhrifamikil.

Að loknum hádegisverði var farið í siglingu umhverfis Vestmannaeyjar. Ferðin stóð í um einn og hálfan klukkutíma og skipstjórinn sem jafnframt var leiðsögumaður í ferðinni lumaði á ýmsum fróðleik og mörgum skemmtisögum úr Eyjum. Að vísu var svolítill veltingur á bátnum, sérstaklega í upphafi vegna strauma í hafinu, en eftir um hálftíma fór hægðist um og sjórinn varð lygnari. Þessi ferð var alveg frábær og tilkomumikil þar sem siglt var nálægt eyjunni og markverðir staðir skoðaðir. Á einum stað var siglt inn í helli og þar gerði skipstjórinn sér lítið fyrir, dró fram saxafón og spilaði af miklum innileik hið fallega og þekkta lag Oddgeirs Kristjánssonar: „Ég veit þú kemur“. Að lokinni siglingunni var komið að þeim tímapunkti að yfirgefa Vestmannaeyjar og taka Herjólf til baka upp á land. Var margt spjallað á heimleiðinni og ýmsar sögur sagðar enda býr mikil lífsreynsla í þessum skemmtilega hópi. Í Þorlákshöfn beið okkar rúta og flutti hópinn til Reykjavíkur og lauk ferðinni á Hverfisgötunni um kl. 18:00.

Skemmst er frá því að segja að ferðin heppnaðist afar vel í alla staði og sýndi að vel er hægt að fara í lengri ferðir en dagsferðir sem alla jafna er farið í. Einu sinni áður hefur verið farið í tveggja daga ferð og var hún farin árið 1994 til Akureyrar. Þetta er eitthvað sem skipuleggjendurnir taka með sér vegna undirbúnings

112 EINN EINN TVEIR
LÖGREGLA
SLÖKKVILIÐ
SJÚKRALIÐ
LÆKNAR
BJÖRGUNARSVEITIR

PACTA
LÖGMENN

Radisson SAS
HOTELS & RESORTS

Sjón-
gleraugnaverslun

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Lögvörn ehf.
Hátúni 6a
Markaðsráð kindakjöts
Bændahöllinni v/Hagatorg
Marport ehf.
Fossaleyni 16
Matthías ehf.
Vesturfold 40
Málarameistarar ehf.
Logafold 188
Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
Merkismenn ehf.
Ármúla 36
Miðbæjarhársnyrtistofan
Tryggvagötu 24
Minjavernd
Amtmannsstíg 1
Móa - The Greenbalm - Face Icelandic
Kóngsbakka 8
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Hafnarhúsinu Box 290
Múlakaffi
Hallarmúli
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múli ehf.
Hagamelur 21
Múli réttingar og sprautun ehf.
Vagnhöfða 5
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf.
Tunguhálsi 17
Múrþjónusta Braga
Miklubraut 24
Myndhönnun ehf
Suðurlandsbraut 6
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Hátúni 12b
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nexus
Hverfisgötu 103
Neyðarþjónustan ehf
Laugavegi 168
NINGS -Suðurlandsbraut-Stórhöfða-Hlíðasmára
Vagnhöfða 14
Nói Síríus hf.
Hesthálsi 2-4
NTC hf.
Laugavegi 91
ÓG Bygg ehf.
Fjarðarseli 14
P & S Vatnsvirkjar ehf.
álfheimum 50
P.S. Rétting ehf.
Súðarvogi 52-54
Parlogis hf.
Krókhálsi 14
Pegasus hf.
Sóltúni 24
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Pípulagnaverktakar ehf.
Langholtsvegi 109
Pjakkus Preladus ehf.
Ármúla 42
Profilstál ehf.
Smiðshöfða 15
Pústþjónustan Ás ehf
Nóatúni 2
Rafloft ehf
Súðarvogi 20
Rafsvið sf.
Haukshólum 9
Raftækjaþjónustan sf.
Lágmúla 8 - Kjallari
Raförninn ehf.
Suðurhlíð 35
Rakarastofa Gríms ehf.
Efstalandi 26

Rakarastofan sf.
Vesturgötu 15
Rauðará - Veitingahús
Rauðarárssstíg 39
Rizzo Pizzeria ehf.
Grensásvegi 10
Ríkiskaup
Borgartúni 7
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
Rossopomodoro veitingastaður
Laugavegi 40a
Safalinn
Dugguvogi 3 bakhúsi
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Saxhóll ehf.
Nóatúni 17
Sendibílar og hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Grettisgötu 89
Shalimar
Austurstræti 4
Sigurborg ehf
Gylfaflöt 5
Silfurþráður ehf.
Fellsmúla 14
Sjómannadagsráð
Laugarási Hrafnistu
Sjóvá-Almennar hf.
Kringlunni 5
Sjóvík ehf
Borgartúni 27
Skaftfell
Sundaborg 1
SKALLI
Grjóthálsi 8
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Skrifstofa Fangelsa á höfuðborgarsvæðinu
Hegningarh.V/skólavörðust
Smurstöðin Klöpp ehf.
Vegmúla 4
Snyrti- og tískuvöruverslunin Sigurboginn
Laugavegi 80
Snæland Grímsson ehf.
Hópferðabílar
Langholtsvegi 115
Spor ehf.
Guðríðarstíg 6-8
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Bíldshöfða 18
Staðalhús sf.
Síðumúla 31
Stálprýði hf.
Súðarvogi 34
STEF - samb. tónskálda og eigenda flutningsréttar
Laufásvegi 40
Stepp ehf
Ármúla 32
Stjörnublikk hf.
Mosarima 14
Stólpi ehf.
Klettagörðum 5
Stórborg - Fasteignasala
Kirkjustétt 4-6 - 2.hæð
Strætó bs
Þönglabakka 4

Studio Hallgerður
Nóatúni 17
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Suzuki umboðið ehf
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
Sögn ehf.
Skálholtsstíg 7
Söluturninn Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Tandur hf.
Hesthálsi 12
Tankahreinsun Magnúsar
Garðastöðum 14
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Síðumúla 25
Tannlæknastofa Ingólfs Eldjárn
Vegmíla 2
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Skólavörðustíg 14
Tannlæknastofa Ögmundar Mána Ögmundssonar
Þingholtsstræti 11
Tannréttingar sf.
Snorrabraut 29
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Nethyl 2c
Textíll og Kaffi Loki
Lokastíg 28
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Trésmiðjan Jari ehf.
Funahöfða 3
Túnþökuþjónustan ehf.
Lindarrvaði 2
Tölvu-og tækniþjónustan hf.
Grensásvegi 8
Úlfarsfell ehf. - www.ulfarsfell.is
S: 552 4960
Hagamel 67
Útfararstofa Íslands ehf.
Suðurhlíð 35
Útfararþjónustan ehf.
Fjarðarási 25
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Brautarholti 16
VDO - verkstæði ehf.
Borgartúni 36
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Lækjargötu 4
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11
Verkstólpi ehf.
Mávahlíð 31
Vernd - Fangahjálp .
Skúlatúni 6
Verslunin Fríða frænka ehf.
Vesturgötu 3
Verslunin Mótor
Kringlunni 4-12
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Vilhjálmsson sf.
Sundaborg 1

Vinnufatabúðin
Laugavegi 76 box 862
Virtus Lögmenn
Laugavegi 170
Vífilfell hf.
Stuðlahálsi 1
Víkur-ós ehf.
Bæjarflöt 6
Vínberið
Laugavegi 43
VR
Kringlunni 7
Wilsons Pizza ehf.
Gnoðarvogi 44
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Austurstræti 8-10
Þrír frakkar - Hjá Úlfari
Baldursgötu 14

## Seltjarnarnes

Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Innrömmun Guðmundar
Eiðistorgi 15
Lög og réttur ehf.
Austurströnd 3
Nesskip hf.
Austurströnd 1
Parketþjónusta - Falleg gólf ehf.
Nesbala 25
Tannlæknastofa Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Eiðistorgi 15
Vökvatæki ehf.
Bygggörðum 5
Önn Verkfræðistofa ehf.
Eiðistorgi 15

## Vogar

Café Blue - Blátt ehf
Kirkjugerði 15

## Kópavogur

Aalborg Portland á Íslandi hf.
Bæjarlind 4
Allianz hf.
Digranesvegi 1
Allt mögulegt ehf.
Auðbrekku 26
Allt-af ehf.
Baugakór 30
Arctico - Röramyndun-skolplagnavíðg.
Marbakkabraut 6
Arinsmíði A-Ö - Jón Eldon Logason
Fellasmára 7
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Bakkabros ehf. - Tannsmíðaverkstæði
Hamraborg 5
Bergnes ehf.
Smiðjuvegi 4
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bílar og tjón ehf.
Skemmuvegi 44m bleik gata
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílhúsið
Smiðjuvegi 60 Rauð gata
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17

Bjarni Runólfsson
Álfatúni 13
Bláfugl ehf.
Hlíðasmára 15
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Blikkform ehf.
Smiðjuvegi 52 rauð
Bókasafn Kópavogs
Hamraborg 6a
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Elnet tækni ehf.
Dalvegi 16b
Eyfeld ehf.
Hlíðarsmára 13
Félagsþjónusta Kópavogs
Fannborg 4
FOCAL Software & Consulting
Hlíðasmára 14
Freyðing ehf.
Kórsölum 1
G.T. Óskarsson ehf.
Borgarholtsbraut 53
H. Hauksson ehf.
Víkurbraut 5
H.S.H. byggingameistarar ehf.
Box 56
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hagblikk ehf.
Smiðjuvegi 4c
Harðbakur ehf
Hlíðasmára 1
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Borgarholtsbraut 69
Hellur og garðar ehf.
Kjarrhólma 34
Hexa ehf. heildverslun
Smiðjuvegi 10 græn gata
Hvammur ehf.
Elliðahvammi
Innviðir -Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36
Ísfrost ehf
Smiðjuvegi 11 e
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Kjöthúsið ehf
Smiðjuvegi 24d
Rauð gata
Kópavogsbær
Fannborg 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Lakksmiðjan ehf
Smiðjuvegi 4e
Lax-á ehf.
Akurhvarfi 16
Lyfja hf.
Bæjarlind 2
Móbílar ehf.
Grundarhvarfi 18
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafbreidd ehf.
Akralind 6
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafsetning ehf.
Björtusölum 13
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24




# FJÁRFESTING SEM STEINLIGGUR

Veldu þér hellur með graníthörku frá Steypustöðinni

**Graníthellur · Falleg áferð**
**Góð vörn gegn nagladekkjum**
**Lengri ending · Betri fjárfesting**

**STEYPUSTÖÐIN**
STERKARI LAUSNIR

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

HRINGHELLU 2
221 HAFNAFJÖRÐUR

HRÍSMÝRI 8
800 SELFOSS

MALARHÖFÐA 10
110 REYKJAVÍK

SÍMI 440 0400
WWW.STEYPUSTODIN.IS



# Þrekpróf lögreglumanna

## – fyrstu skref og greining árangurs

*Starfsmenn lögregluskólans fóru hringferð um landið og prófuðu lögreglumenn á 17 stöðum á landsbyggðinni. Ríkislögreglustjórinn lagði til tvær jeppabifreiðar í ferðina án þess að skólinn þyrfti að greiða leigugjald fyrir og eru embættinu færðar bestu þakkir fyrir framlagið. Heildarfjöldi lögreglumanna sem þreyttu prófin voru alls 598 en þar af voru 27 nemar. 582 lögreglumenn stóðust prófið og þar af voru 577 sem náðu 100% árangri og fimm sem náðu 50% árangri.*

**Í framlengingarsamkomulagi LL og fjármálaráðherra frá 22. október 2008 var sérstök bókun er varðar þrekkröfur til lögreglumanna og rétt til greiðslu álags standist lögreglumenn kröfurnar. Með samkomulaginu var sérstakt fylgiskjal þar sem umrædd bókun var útfærð. Lögregluskólanum var falið að útfæra kröfurnar í samáði við lögreglustjórana og LL. Öllum starfandi lögreglumönnum var greitt þrekálag að upphæð kr. 45.000 1. desember sl. vegna tímabilsins 1. desember 2008 til 31. janúar 2009 en áframhaldandi réttur til greiðslu álagsins var miðaður við að standast í þrekprófi þau viðmið sem sett voru fram um árangur sem gat gefið kr. 18.000 á mánuði ef árangur var 100% en kr. 9.000 á mánuði ef árangur var 50%. Reynt var að girða fyrir eyður í greiðslu þrekálags með tilteknum ákvæðum þar um í fylgiskjalinu. Opnað var fyrir að heimilt væri að greiða álagið tímabundið til tveggja mánaða vegna atriða er varða lögreglumanninn sjálfan en einnig var tryggt að dráttur af hálfu vinnuveitanda varðandi framkvæmd þrekprófanna yrði til þess að greiðslur féllu niður. Nokkrar deilur urðu á milli samningsaðila varðandi þennan upphafsþátt en ekki verður gerð frekari grein fyrir því hér.**

Um risavaxið verkefni er að ræða og mikilsverðan áfanga í starfsumhverfi lögreglumanna. Ekki einungis er þetta bein viðurkenning á því að eðli starfans er með þeim hætti að nauðsynlegt er að lögreglumenn séu í góðu líkamlegu formi heldur er sérstaklega greitt fyrir það. Þá er lögregluembættunum ætlað að útfæra, í samráði við lögreglumenn, með hvaða hætti þeim verði auðveldað að sinna þessari þjálfun. Hins vegar er vandasamt að setja viðmið sem sátt er um, sérstaklega í upphafi þegar þessum þætti hefur ekki (endilega) verið sinnt sérstaklega. Þá er eðli máls samkvæmt öll stéttin undir og því að ýmsu að hyggja í þessu sambandi. Feta þarf einstigi á milli þess að kröfurnar séu sanngjarnar og raunhæfar en um leið trúverðugar. Einnig er mikilvægt að hafa rými til að auka kröfurnar stig af stigi til framtíðar með bættu líkamlegu atgervi en jafnframt að laga kröfur að hverjum aldurshópi fyrir sig. Þá skiptir einnig verulega miklu máli með hvaða hætti þrekprófunin fer fram. Það var vilji LL að einnig væri mögulegt að þreyta þrekprófið á þrekhjóli en viðsemjandinn fellst ekki á það, a.m.k. ekki í þessari fyrstu lotu.

Lögregluskólinn á miklar þakkir skildar fyrir sinn hlut í verkefninu og LL vill nota þetta tækifæri og koma þeim á framfæri hér með. Auk þess að útbúa kröfurnar féllst skólinn á beiðni fjármálaráðuneytisins um að annast sjálfa framkvæmdina sem er gríðarlega umfangsmikil og ekki síður kostnaðarsöm. LL hafði bent viðsemjandanum á að tryggja þyrfti fjármagn í þann þátt en það var því miður ekki gert. Fyrir því eru væntanlega ýmsar ástæður sem kannski má segja að séu augljósar miðað við allt sem gengið hefur á í þjóðfélaginu frá þeim tíma að samið var og til dagsins í dag en það er þó ekki hlutverk LL að skýra það sérstaklega. Ljóst er að framkvæmdin verður sífelluverk sem verður á ábyrgð lögreglustjóranna og væntanlega verður þetta rætt frekar á vettvangi samstarfsnefndarinnar.

Lögregluskólinn hóf prófanir í mars sl. og 1. júní hafði öllum lögreglumönnum gefist kostur á að þreyta prófið. Í aðdraganda próftökunnar myndaðist víða góða stemning meðal lögreglumanna og að sögn fróðra sáust ólíklegustu menn púla í ræktinni. Það var mat fulltrúa lögregluskólans að lögreglumenn væru almennt mjög jákvæðir gagnvart þessu og töldu þetta mikið framfaraskref. Lögregluskólinn fékk styrkveitingu frá dómsmálaráðuneytinu til kaupa á tveimur hlaupabrettum en mikill fjöldi lögreglumanna þreytti prófið í skólanum. Í aðdraganda framkvæmdarinnar var unnið að útfærslu æfinganna. Sérstaklega var leitað álits Vinnueftirlitsins á þrekviðmiðunarkröfunum og í lok febrúar sl. skilaði stofnunin umsögn. Gerð var athugasemd við hina margfrægu og umtöluðu teygjuæfingu vegna hættu

á bakmeiðslum og lagt til að fundin yrði önnur liðleikaæfing. Í stað æfingarinnar var hins vegar ákveðið að notast við uppsetur sem eru lögreglumönnum sem öðrum vel kunnar. Athugasemdum frá nokkrum lögreglumönnum vegna æfingarinnar var af hálfu LL komið á framfæri við lögregluskólann með það í huga að fá mat Vinnueftirlitsins á útfærslunni.

Starfsmenn lögregluskólans fóru hringferð um landið og prófuðu lögreglumenn á 17 stöðum á landsbyggðinni. Ríkislögreglustjórinn lagði til tvær jeppabifreiðar í ferðina án þess að skólinn þyrfti að greiða leigugjald fyrir og eru embættinu færðar bestu þakkir fyrir framlagið.

Heildarfjöldi lögreglumanna sem þreyttu prófin voru alls 598 en þar af voru 27 nemar. 582 lögreglumenn stóðust prófið og þar af voru 577 sem náðu 100% árangri og fimm sem náðu 50% árangri.

Í greinargerð lögregluskólans koma fram nokkur atriði um kosti og galla sem að þeirra mati komu fram við framkvæmd prófsins og með góðfúslegu leyfi skólans er hluti umfjöllunarinnar birt hér:

### *Kostir - gallar*

Í upphafi renndum við algerlega blint í sjóinn hvað kröfur og þyngd prófs varðaði. Það var þó sameiginlegur skilningur aðila að ekki skyldi spenna bogann of hátt í upphafi heldur kynna þetta á jákvæðan hátt með auknar kröfur í huga að liðnu næsta ári. Það er því engin leið að segja að prófið hafi verið of létt eða þungt. Það sem máli skiptir er að þetta mæltist mjög vel fyrir hjá lögreglumönnum og ljóst er að eftir að samningurinn var gerður í október sl. hafa mjög margir hafið æfingar og það af krafti. Hefði prófið farið fram þá eða í byrjun árs hefði útkoman örugglega orðið mun verri.

### *Kostir:*

Lögreglumenn upplifðu þetta á mjög jákvæðan hátt og viðhorf þeirra reyndist jákvætt til prófumsjónarmanna og heimsókn okkar út á land var þeim greinilega mikils virði. Lögreglumenn virða líka afstöðu ríkisins að gefa þeim kost á hærri launum í formi þrekálagsins.

Þótt það kunni að virðast undarlegt að telja til kosta kom í ljós í einstaka tilfellum að lögreglumaður var haldinn alvarlegum sjúkdómi sem staðfestur var af lækni síðar.

Vekur það upp þá spurningu hvort allir lögreglumenn skuli ekki undirgangast læknisskoðun sem tryggi að þeim sé óhætt að þreyta þessi próf. Það kann að vera heldur seint að komast að því í þessu prófi.

Staðreyndin er sú að við eigum betur þjálfað lögreglulið en við áttum fyrir hálfu ári og það skilar sér á margan hátt í aukinni og betri vinnu.

### *Gallar*

Örfáir gallar komu fram við framkvæmdina. Helst má nefna að menn mættu ekki í tíma sem þeim hafði verið úthlutað án þess að láta vita. Voru dæmi þess að þrír prófdómarar væru mættir en einn lögreglumaður. Í sumum tilfellum var þetta vegna þess að viðkomandi var bundinn við verkefni og komst ekki en oft virtist okkur þetta kæruleysi. Þá verður að nefna lélega aðstöðu á nokkrum stöðum á landsbyggðinni.

Annað til umhugsunar er að nokkrir lögreglumenn og lögreglustjórar lögðu áherslu á að lögreglumenn mættu sem fyrst í próf þar sem þeir væru að fara í aðgerð, væru barnshafandi eða annað sem gerði það að verkum að þeir yrðu ekki við störf á næstu mánuðum.

Þriðja atriðið var það að þetta var allt of mikið álag á Lögregluskólann og umsjónarmenn prófa. Álagið var of mikið og hefði alls ekki gengið ef valnefndarferli hefði jafnframt verið í gangi.

Þá gerði lögregluskólinn einnig tillögur um framhaldið og eru nokkrar þeirra birtar hér:

„Eftir að hafa framkvæmt þessi próf vorið og sumarið 2009 er það skoðun prófdómara að vel hafi tekist til.

Lögreglumenn voru ánægðir og töldu þetta mikið framfaraskref. Sérstaklega vakti athygli okkar hve jákvæðir lögreglumenn á landsbyggðinni voru að fá okkur í heimsókn.

Prófdómarar leggja til að verði framhald á þessum prófum verði ekki gerðar verulegar breytingar á prófunum árið 2010 en hins vegar liggi fyrir 1. október nk. hverjar kröfurnar verða fyrir árið 2011.

Þrátt fyrir góða útkomu er ljóst að prófin reyndu verulega mikið á marga og er ekki sýnt að það þjóni tilgangi að þyngja prófin strax, það gæti virkað öfugt.

Prófdómarar leggja til við samningsaðila að eftir að 55 ára aldri er náð verði kröfum breytt sbr. meðfylgjandi kröfur og viðmið.

Prófdómarar leggja til, að höfðu samráði við lækna, að allir próftakar, eldri en fimmtugir, skili vottorði frá heimilislækni sínum um að þeim sé óhætt að þreyta þetta próf. Skal það sent til starfsmannahalds hvers embættis. Sama gildi ef um þekkta sjúkrasögu er að ræða þótt aldri sé ekki náð. Tryggt verði að starfsmannahald hvers embættis ábyrgist að þessi vottorð liggi fyrir áður en próf fer fram. Að öðru leyti ber próftaki ábyrgð á að hann sé hæfur til próftöku.“

Næstu skref í málinu er að LL og samninganefnd ríkisins munu nú með haustinu ræða saman og leggja línurnar fyrir næsta ár. Þar sem þetta er þegar komið inn í kjarasamningsumhverfið er það vilji LL að færa málið varðandi útfærsluna frá forræði samninganefndarinnar og inn á sameiginlegt borð LL og lögreglustjóranna í samstarfsnefnd aðila enda slíkt í samræmi við yfirlýst markmið um gerð stofnanasamninga.

*Staðreyndin er sú að við eigum betur þjálfað lögreglulið en við áttum fyrir hálfu ári og það skilar sér á margan hátt í aukinni og betri vinnu.*

NORÐURÁL Century ALUMINUM

KAUPÞING

Bakarameistarinn

PRENTSMIÐJAN stapaprent
Grófin 13c • 230 Reykjanesbær
Sími 421 4388 • stapaprent@simnet.is



# Skýrslutaka hjá lögreglu

*-með hliðsjón af nýjum sakamálalögum nr. 88/2008*



**Birkir M. Magnússon**
**lögglærður fulltrúi hjá sýslumanninum á Sauðárkróki.**

## E. Skýrslutaka af vitnum

*1. Hugtakið „vitni“*

Hugtakið „vitni“ er ekki skilgreint í sakamálalögunum. Hugtakið má þó skýra svo, að vitni sé hver sá maður, sem ekki verður talinn sakborningur eða fyrirsvarsmaður sakbornings, og kvaddur er fyrir lögreglu eða dómara til að gefa skýrslu um málsatvik sem hann hefur skynjað af eigin raun.

### 2. Réttarstaða vitnis við skýrslutöku

Í 1. mgr. 116. gr. SML er kveðið á um hina almennu skyldu manns til að koma fyrir dóm sem vitni og svara spurningum sem beint er til hans um málsatvik. Hins vegar verður vitni ekki þvingað til að mæta til skýrslutöku hjá *lögreglu* og gefa þar skýrslu, sbr. 2. mgr. 61. gr. SML.

Ef vitni mætir ekki til lögreglu í skýrslutöku eða neitar að svara spurningum hjá lögreglu, getur lögreglan farið fram á að tekin verði skýrsla af vitninu fyrir dómi á grundvelli c-liðar 59. gr. SML. Sinni vitni ekki kvaðningu til að gefa skýrslu fyrir dómi, getur *ákærandi* lagt fyrir lögreglu að sækja vitnið eða færa það síðar fyrir dóm skv. 1. mgr. 121. gr. SML. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda. Hér er sú breyting orðin á, að nú er það lagt í hendur ákæranda að mæla fyrir um handtöku á vitni sem mætir ekki án löglegra forfalla fyrir dóm til að gefa skýrslu, en samkvæmt lögum nr. 19/1991 var það hlutverk dómara að mæla fyrir um slíka aðgerð.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. SML ber lögreglumanni sem yfirheyrir vitni að kynna vitninu að því sé skylt, að viðlagðri refsiábyrgð, að skýra satt og rétt frá. Rangur framburður vitnis hjá lögreglu hefur verið talinn falla undir 1. mgr. 146. gr. hgl. Þó getur vitni sér að refsilausu skýrt rangt frá atvikum hjá lögreglu, ef réttar upplýsingar geta bakað því refsiábyrgð, eða það hefur ástæðu til að ætla að svo sé, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 143. gr. hgl.

Í 117. - 119. gr. SML eru reglur sem ýmist undanþiggja eða banna vitni að skýra frá tilteknum atriðum fyrir dómi. Þessar reglur gilda einnig, eftir því sem við getur átt, um skýrslutöku hjá lögreglu, sbr. 2. mgr. 65. gr. SML, og skal þá vekja athygli vitnisins á þessum undanþágum frá skyldu til vitnisburðar ef tilefni er til.

Sá sem yfirheyrður er við rannsókn máls á rétt á að fá vitneskju um það, þegar mál er orðið svo skýrt að þess sé kostur, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsivert brot, eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar, sbr. 2. mgr. 63. gr. SML. „Yfirleitt liggur ljóst fyrir, þegar einstaklingur er boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu, hvort um er að ræða sakborning eða vitni. Leiki hins vegar vafi á því hvort telja beri mann vitni eða sakborning, er eðlilegt að yfirheyra hann sem sakborning fyrst í stað, þar sem sakborningur nýtur sterkari réttarstöðu en vitni.“ „Sé maður á hinn bóginn yfirheyrður sem vitni, kann réttarstaðan að breytast við skýrslutökuna, til að mynda ef viðkomandi játar á sig refsiverðan verknað. Eftir það yrði hann yfirheyrður sem sakborningur, og bæri yfirheyranda að benda honum á það jafnskjótt,“ sbr. 2. mgr. 63. gr. SML. „Þeim manni, sem gefur skýrslu hjá lögreglu, verður ekki refsað fyrir rangan framburð, hafi honum ekki verið tilkynnt að hann væri spurður sem vitni samkvæmt 2. mgr. 63. gr. SML.“

Í 3. mgr. 122. gr. SML kemur fram, að við yfirheyrslu vitnis fyrir dómi, skuli ekki kynna vitninu skýrslur sem það eða aðrir hafa gefið fyrir lögreglu, fyrr en dómara þykir þess þörf til skýringar á máli. Eðlilegt er að sama regla gildi við skýrslutöku hjá lögreglu, þannig að vitni sé spurt sjálfstætt út í málsatvik, og skýrslur annarra hjá lögreglu séu ekki kynntar fyrir því nema



þess þyki þörf til skýringar á framburði vitnisins, sbr. Hrd. 1995:3025.

**Hrd. 1995:3025**
Í forsendum Hæstaréttar segir: „Það athugast, að frumrannsókn málsins hjá lögreglunni í Árnessýslu var með nokkrum annmörkum. Auk ákærða voru þrír menn kvaddir til skýrslugjafar, og leið óhóflega langur tími milli þess, að einstakar skýrslur voru teknar. Við skýrslutöku af þeim, sem á eftir ákærða komu, var þeim í upphafi kynntur framburður ákærða í stað þess, að þeir skýrðu sjálfstætt frá málavöxtum. Aðfinnslum í héraðsdómi um framkvæmd rannsóknar fyrir lögreglu er að öðru leyti ofaukið.“

„Vitni njóta almennt ekki þeirra réttinda sem sakborningi eru fengin sem aðila máls, svo sem réttar til aðgangs að gögnum og öðrum skjölum máls, sbr. Hrd. 1995:2879. “

**Hrd. 1995:2879**
Í máli þessu hafnaði Hæstiréttur því að A fengi aðgang að gögnum málsins, líkt og hún hafði krafist, þar sem ljóst var af skýrslum sem teknar voru af henni fyrir lögreglu og héraðsdómi, að hún naut réttarstöðu vitnis, en ekki sakbornings.

Maður, sem yfirheyrður er sem vitni, á auk þess ekki rétt á aðstoð verjanda, þar sem ákvæði IV. kafla SML takmarkast við sakborning, sbr. eftirfarandi dóm.

**Hrd. 30. maí 2002 (248/2002)**
Maður, sem kvaddur hafði verið til að bera vitni hjá lögreglu, vildi að lögmaður sinn yrði viðstaddur skýrslutökuna þar sem hann óttaðist að verið væri að draga hann inn í rannsókn á „nýju Geirfinnsmáli“ og hann treysti hvorki lögreglunni né dómstólum til að gæta hagsmuna sinna. Í úrskurði héraðsdómara, sem staðfestur var í Hæstarétti, er komist svo að orði að lög standi ekki til þess að vitni, sem ekki er jafnframt brotaþoli, hafi

*Ef vitni mætir ekki til lögreglu í skýrslutöku eða neitar að svara spurningum hjá lögreglu, getur lögreglan farið fram á að tekin verði skýrsla af vitninu fyrir dómi á grundvelli c-liðar 59. gr. SML. Sinni vitni ekki kvaðningu til að gefa skýrslu fyrir dómi, getur ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja vitnið eða færa það síðar fyrir dóm skv. 1. mgr. 121. gr. SML. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum ákæranda.*

BÓNUS
ARK ÖRYGGISKERFI
ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Landsbankinn

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Sérverk ehf.
Askalind 5
Sjúkranuddstofa Silju
Huldubraut 2
SL Rekstrarfélag ehf.
Hagasmára 1
Sláttuvélamarkaðurinn
Smiðjuvegi 11
Slökkvitækjaþjónustan
Bakkabraut 16
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Dalvegi 16a
Snyrtistofan Jóna ehf. -
Hamraborg 10 - S: 554 4414 og
Tryggvagötu 28 - S: 552 5005
Hamraborg 10
Sólsteinar ehf
Kársnesbraut 98
Stimpill ehf.
Akralind 9
Stjörnuþvottur sf.
Þverbrekku 8
Suðurverk hf.
Hlíðarsmára 11
Söguferðir ehf
Hlíðarhvammi 4
Tannlæknastofa Láru I.
Ólafsdóttur
Hamraborg 9
Tölvuvirkni ehf.
Hlíðasmára 13
Varmi ehf.
Auðbrekku 14
Vegamálun ehf.
Ennishvarfi 15a
Verkfræðistofa Erlends
Birgissonar
Bæjarlind 4
Vídd ehf.
Bæjarlind 4
VSI Öryggishönnun og ráðgjöf
ehf.
Hamraborg 11
Ýmus ehf. heildverslun
Dalbrekku 28
Ökukennsla Sigurðar
Þorsteinssonar
Bollasmára 8

## Garðabær

A.Þ. Þrif ehf.
Skeiðarási 12
Ásgarður
- Íþróttamiðstöðvarnar
Garðabæ
Ásgarði
B.B. skilti ehf.
Miðhrauni 22b
Bókhald og uppgjör hf.
Bæjahrauni 20
Dráttarbílar ehf.
Skeiðarási 4
Elektra ehf.
Lyngási 11
G.H. Ljós ehf.
Garðatorgi 7
Garðabær
Garðatorgi 7
Geislatækni ehf. - Laser-
þjónustan
Suðurhrauni 12c
Hagráð hf.
Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf.
Móaflöt 41
Haraldur Böðvarsson & Co. ehf.
Birkihæð 1
Hársnyrtistofa Þórunnar
Ingólfsdóttur
Kirkjulundi 19
Hurðaborg - Crawford hurðir
Sunnuflöt 45
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Krókur bílastöð ehf
Suðurhrauni 3
N3 flutningar ehf.
Hrísmóum 3
Rafboði ehf
Skeiðarási 3
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Lyngási 14
S.R. Holdings ehf.
Miðhrauni 22b
Samhentir-Kassagerð ehf.
Suðurhraun 4
Sportís - Cintamani
Austurhrauni 3
Timburhús ehf.
Víðiási 5
TM Mosfell ehf
Holtsbúð 93

## Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf.
Álfhellu 1
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Batteríið ehf.
Trönuhrauni 1
Bátaraf
Box 52, Suðurgötu 106
Bifreiðaverkstæði Brands
Sigurðssonar
Kaplahrauni 7
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Reykjavíkurvegi 66
Bæjarbakarí ehf.
Bæjarhrauni 2
DS lausnir ehf
Rauðhellu 5
Endurskoðun/reikningsskil ehf.
Fjarðargötu 11
Englasteinar ehf.
Selhellu 3
Ferskvinnslan ehf.
Grandatröð 4
Fjarðarbakarí ehf.
Dalshrauni 13
Fjarðargrjót ehf.
Furuhlíð 4
Fura málmendurvinnslan ehf.
Hringhellu 3
G. Ingason hf.
Hvaleyrarbraut 3
Gamla Vínhúsið - A. Hansen
Vesturgötu 4 p.Box 45
Grafika ehf. www.grafika.is
Miðvangur 108
Gullsmiðjan sf.
Lækjargötu 34C
H. Jacobsen ehf.
Reykjavíkurvegi 66
Hafdal hf.
Hvaleyrarbraut 2
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Halldór Gíslason verktaki
Hvassabergi 14
Íshestar - Íslenskar
hestaferðir hf.
Bæjarhrauni 2
Japanskar-vélar ehf.
Dalshrauni 26
Klettur, verktakar
Fornubúðir 5
Kópavogsnesti
Furuvellir 37
Kvikmyndahúsið ehf.
Trönuhrauni 1
Lerkiverktakar ehf
Skúlaskeið 26
Lipurð ehf.
v/Helluhraun
Lögfræðimiðstöðin ehf.
Reykjavíkurvegi 62
Magnús Páll sf.
Lækjarhvammi 16
Merkjalist
Steinhellu 3
Mjöll Frigg hf.
Norðurhellu 10
PON Pétur O. Nikulásson ehf.
Melabraut 23
Rafal ehf.
Hringhellu 9
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
Rafgjafinn ehf.
Selhellu 13
Rafhitun ehf.
Kaplahrauni 7a
Reebok Ísland ehf
Drangahrauni 4
S.B.J. réttingar ehf
Kaplahrauni 12
S.J. Trésmiðja ehf
Melabraut 20
Sportarinn
Flatahrauni 5a
Stofnfiskur hf. Höfnum
Staðarbergi 2-4
Sæsteinn ehf. - fiskvinnsla
Pósthólf 90
Tor hf.
Eyrartröð 13
Verkþjónusta Kristjáns ehf.
Pósthólf 172
Vélaverkstæði Hjalta
Einarssonar ehf.
Melabraut 23
Vélrás ehf.
Rauðhellu 16
Vélsmiðja Guðmundar -
Íshellu 10
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27
Vörumerking ehf.
Bæjarhrauni 24

## Álftanes

Dermis ehf.
Miðskógum 1

## Keflavík

BG Bílakringlan ehf.
Grófinni 8
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Eignarhaldsfélagið Áfangar ehf.
Hafnargötu 90
Föndurkot-útisport
Hafnargötu 6
Grímsnes ehf.
Pósthólf 380
Hársnyrtistofan Hólmgarði sf.
Hólmgarði 2
Hótel Keflavík ehf.
Krossholti 6
Ice Bike
Iðavöllum 10
Íslenska félagið ehf.
/ Ice group. ltd.
Iðavöllum 7a
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Hafnargötu 51
Lögráð ehf
Hafnargötu 51-55
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Olsen Olsen
Hafnargötu 17
PA hreinsun
Norðurvöllum 56
Ráin ehf
Hafnargötu 19
Rekan ehf.
Iðavöllum 5b
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
RKÍ Suðurnesjadeild
Smiðjuvöllum 8
Rörvirki sf.
Óðinsvöllum 11
S.B.K. ehf.
Grófinni 2-4
Samkaup hf
Hafnargötu 62
Smiðshöggið ehf
Víkurbraut 4
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta
Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Soho Veisluþjónusta
Háholti 16
Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
Starfsmannafélag Suðurnesja
Hafnargötu 15
Tannlæknastofa Einars
Magnússonar ehf
Skólavegi 10
Tæknivík ehf.
Grófinni 14b
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Vélaleiga AÞ
Grófinni 13a
Örk ehf.
Hafnargötu 90

## Keflavíkurflugvöllur

Fagræsting ehf
Leifsstöð
Miðnesheiði ehf.
Flugstöð Leifs Eiríks
Suðurflug ehf.
Bygging 787
Kefl.flugv/
Bygging 787

## Grindavík

Grindin ehf.
Hafnargötu 9a
Gunnar E. Vilbergsson
Heiðarhrauni 10
HK verk ehf.
Blómsturvöllum 2
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur
Hafnargötu 9
Söluturninn Víkurbraut
Víkurbraut 62
Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12

## Sandgerði

Flugfiskur ehf.
Box 45
Leifur Ölver Guðjónsson
Glaumbær
Skinnfiskur ehf.
Hafnargötu 4 a

## Garður

Fiskverkunin Háteigur
Valbraut 15
S.I. Raflagnir ehf.
Heiðartúni 2
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4
Ökukennsla E.O.S ehf.
Ósbraut 5

## Njarðvík

Arctic wear ehf
Grófin 13 a
Fitjavík ehf
Fitjum
Nýspraututn ehf
Njarðarbraut 15
Plexigler ehf
Borgarvegi 44
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14

## Mosfellsbær

Afltak ehf
Völuteigi 1
Dælutækni ehf.
Spóahöfða 10
Ferðaleiðir ehf. - Hópferðir
Reykjavegi 60
Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
Gljúfrasteinn-Hús skáldsins
Pósthúsið 250
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Tröllateigi 20
Halldór og Hinrik sf.
Hamarsteigi 6
Hákon og Pétur - Verktakar
Brávöllum
Hellur og gras ehf.
Hulduhlíð 10
Hestaleigan Laxnesi
Laxnesi
Hlín blómahús
Háholti 13-15
Hópferðabílar Jónatans
Þórissonar ehf
Barrholti 14
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Ístex hf. Íslenskur textíliðnaður
Völuteig 6
K.B. Umbúðir ehf.
Barrholti 33
Mosfellsbær
Þverholti 2

## Akranes

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Elkem Island ehf.
Grundartanga
Grastec ehf.
Einigrund 9
GT tækni ehf
Grundartanga
Harðarbakarí
Kirkjubraut 56
Jón Þorsteinsson ehf.
Kalmannsvöllum 6
MVM ehf.
Brekkubraut 18
Plast-X ehf.
Ægisbraut 23
Rakarastofa Hinriks
Vesturgötu 57
Runólfur
Hallfreðsson ehf.
Álmskógum 1
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Steðji ehf.
Vogabraut 28
Straumnes ehf., rafverktakar
Krókatúni 22-24
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18

lögmann sér við hlið við skýrslutöku á rannsóknarstigi.

Ákvæði 3. mgr. 65. gr. SML hafa að geyma nýmæli sem er nátengt ákvæðinu í 8. mgr. 122. gr. laganna. Þar er kveðið á um að vitni geti farið fram á að nafn þess, kennitala og heimili sem og aðrar upplýsingar, sem gætu bent til þess hvert það er, komi ekki fram í lögregluskýrslu, ef það telur hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náinna vandamanna þess yrði stefnt í hættu ef gert væri uppskátt hvert það er. Í því tilviki skulu upplýsingar þessar varðveittar þannig að tryggt sé að aðrir fái ekki aðgang að þeim en sá sem rannsókn stýrir og ákærandi, svo og dómari ef skýrslan er lögð fyrir dóm. Skal vekja athygli vitnisins á þessum rétti þess ef tilefni er til.

„Eðlilegt er að vitni, sem kýs að gefa skýrslu hjá lögreglu, geti farið fram á að nafni þess og öðrum persónuauðkennum sé haldið leyndum telji það hættu á að lífi, heilbrigði eða frelsi þess sjálfs ellegar náinna vandamanna þess yrði stefnt í hættu ef það kæmist til vitundar sakbornings eða annarra hvert það er. Aðgangur verjanda og þar með sakbornings að þessum hluta rannsóknargagna lögreglu yrði þar með takmarkaður vegna hinna sérstöku hagsmuna vitnisins eða náinna vandamanna þess, sbr. 3. mgr. 37. gr. laganna. Ef lögregluskýrslan er síðar lögð fyrir dóm eiga persónuauðkenni vitnisins að fylgja henni sem trúnaðarupplýsingar, sbr. 154. gr. laganna. Það myndi svo ráðast af atvikum hvort vitninu yrði heimilt að varðveita nafnleynd sína ef til þess kæmi að það gæfi skýrslu fyrir dómi, en skv. 8. mgr. 122. gr. eru eðli málsins samkvæmt sett mun strangari skilyrði fyrir nafnleynd þegar svo stendur á, heldur en við skýrslutöku hjá lögreglu. “

Hugtakið „brotaþoli“ var ekki skilgreint í lögum nr. 19/1991. Í 1. mgr. 39. gr. SML er hugtakið hins vegar skilgreint á þann veg að brotaþoli sé sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfu, eða lögaðili sem sagður er hafa beðið slíkt tjón. Aðrir en þeir, sem afbrot hefur beinlínis beinst að, verða hins vegar ekki taldir brotaþolar í skilningi laganna, svo sem nánustu aðstandendur þess sem brot hefur beinst gegn, jafnvel þótt þeir telji sig hafa beðið andlegt tjón vegna verknaðarins. Lögaðilar, t.d. hvers konar fyrirtæki, geta einnig talist til brotaþola, og koma þá stjórnendur þeirra fram sem fyrirsvarsmenn, einn eða fleiri eftir því sem leiðir af almennum reglum, sbr. 3. mgr. 39. gr. SML. Brotaþoli nýtur nokkurrar sérstöðu í samanburði við önnur vitni og á hann í sumum tilvikum rétt á tilnefningu eða skipun réttargæslumanns til að gæta hagsmuna hans í sakamáli, sbr. V. kafla SML. Réttargæslumaður, sem lögregla hefur tilnefnt brotaþola, á skv. 1. mgr. 46. gr. SML ætíð rétt á því meðan á rannsókn stendur að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af skjólstæðingi hans. Réttargæslumaður má þó ekki beina spurningum beint til skjólstæðingsins, en hann getur beint þeim tilmælum til yfirheyranda að hann verði spurður um tiltekin atriði.




### *F. Afleiðingar þess að ekki er staðið réttilega að skýrslutöku hjá lögreglu, með hliðsjón af sjónarmiðum um sönnunargildi lögregluskýrslna*

Í meginreglunni um milliliðalausa sönnunarfærslu, sem fram kemur í 111. gr. SML felst að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, þar á meðal framburði ákærða og vitna. „Þessi meginregla er jafnframt fólgin í fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Ennfremur hefur verið litið svo á að regla þessi verði leidd af d-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans. “

Í sakamálum hér á landi er venja að leggja fram skýrslur sem gefnar eru af sakborningi og vitnum fyrir lögreglu. Telja verður slíka framlagningu ótvírætt heimila, sbr. **Hrd. 1992:1639.** „Túlkun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu á framangreindum ákvæðum Mannréttindasáttmálans hefur þó haft það í för með sér að verulega hefur dregið úr gildi lögregluskýrslna sem sönnunargagna í sakamálum, að því leyti sem þær innihalda framburð sem tekinn hefur verið af vitnum, og reyndar sakborningum einnig.“ Með hliðsjón af þessari túlkun, auk nýlegra dómafordæma Hæstaréttar, verður að telja að framburður sakbornings í lögregluskýrslu geti ekki haft sönnunargildi í sakamáli, þannig að úrslit máls ráðist af honum einum. Til að mynda

HB GRANDI
BLUE LAGOON ICELAND
HS ORKA HF
KFC



hefur Hæstiréttur ítrekað hafnað að leggja játningu sakbornings hjá lögreglu, sem dregin er til baka fyrir dómi, til grundvallar úrlausn um sekt eða sýknu, nema eitthvað annað og meira styðji þann framburð sbr. **Hrd. 15. feb. 2001 (404/2000)**. Á hinn bóginn getur framburður sakbornings hjá lögreglu haft áhrif á heildarmat dómara á sönnun, stangist hann á við framburð hans fyrir dómi, og þannig komið til stuðnings öðrum sönnunargögnum við sakfellingu. Hið sama gildir um framburð vitna.

Framburður vitna hjá lögreglu getur þó haft beint sönnunargildi í undantekningartilvikum, sbr. 3. mgr. 111. gr. SML.

Með hliðsjón af framangreindu kemur til sérstakrar skoðunar hvaða vægi framburður hefur, sem gefinn er hjá lögreglu, ef réttra aðferða hefur ekki verið gætt við skýrslutökuna.

Sé vitni ekki kynntur réttur þess til að skorast undan vitnaskyldu samkvæmt 117. gr. SML, verður að telja að litið yrði algerlega fram hjá slíkum framburði. Því til stuðnings má nefna dóma Hæstaréttar frá 24. feb. 2000 í máli nr. 479/1999, og Hrd. 1992:535.

**Hrd. 1992:535**

Fundið var að því í héraðsdómi að GJÞ, lögreglufulltrúi í Vestmannaeyjum, sem fór með lögreglurannsókn í málinu, yfirheyrði dóttur ákærða án þess að benda henni áður á, að hún ætti rétt á að skorast undan vitnaskyldu. Þann rétt nýtti hún sér hins vegar við meðferð málsins fyrir dómi. Sönnunargildi skýrslu vitnisins hjá lögreglu kom því ekki til skoðunar. Ekki var hins vegar vikið að þessu í Hæstarétti.

„Bregðist yfirheyrandi þeirri skyldu sinni að kynna sakborningi réttinn til að neita að tjá sig um sakarefnið, sbr. 2. mgr. 64. gr. SML, verður að telja að skýrsla sem gefin er undir þeim kringumstæðum verði ekki notuð til stuðnings sakfellingu í sakamáli.“ Öðru máli kann þó að gegna ef sakborningur hefur haft verjanda sér til stuðnings við skýrslutökuna, sbr. Hrd. 2000:3019.

**Hrd. 2000:3019**

X var saksóttur fyrir að hafa þrívegis orðið sekur um kynferðisbrot gagnvart drengnum A. Við skýrslugjöf hjá lögreglu hafði ákærði viðurkennt tiltekna háttsemi gagnvart A, sem hann tók aftur við meðferð málsins fyrir dómi og gaf á því skýringar. Þrátt fyrir þann annmarka á umræddri lögregluskýrslu að ekki var þar skráð að gætt hefði verið ákvæða 3. mgr. 32. gr. laga nr. 19/1991, þótti Hæstarétti bera að líta til þess að skýrslan var gefin að viðstöddum verjanda ákærða, eftir að þeir höfðu talast einslega við. Einnig yrði að hafa í huga að við skýrslutöku hjá lögreglu skömmu síðar var vísað til þessarar skýrslu, án þess að fram kæmu fyrirvarar af hálfu ákærða. Að þessu athuguðu yrði að telja að héraðsdómi hefði verið rétt í heildarmati sínu á trúverðugleika og sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi að líta til fyrri framburðar X og skýringa á fráhvarfi frá honum. Með vísan til þessa, auk annarra atriða, var héraðsdómur ómerktur og málinu heimvísað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju.

Capital-inn GUESTHOUSE
Caruso
RioTinto Alcan
Grand HÓTEL REYKJAVÍK
Hvalur hf.
Þjónusta við aðstandendur
www.kirkjugardar.is

Í 1. mgr. 33. gr. SML er mælt fyrir um skyldu til að vekja athygli sakbornings á heimild til tilnefningar eða skipunar verjanda. „Hæstiréttur hefur fundið að því ef þess hefur ekki verið gætt, en þessi annmarki hefur þó ekki einn og sér leitt til þess að málsmeðferð hafi verið ómerkt og málinu vísað að nýju heim í hérað,“ sbr. Hrd. 1997:3437.

**Hrd. 1997:3437**
Maður var ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart tveimur drengjum. Þegar ákærði gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu, var honum kynnt sakarefnið og réttur hans til að fá „málsvara", en ekki kom þó fram, hver afstaða hans til þess hefði verið. Húsleit fór fram á heimili ákærða þennan dag. Í dómi Hæstaréttar segir, að ákærði hafi engan réttargæslumann haft við lögreglurannsóknina, sem gat gert athugasemdir við rannsókn málsins og fengið ákveðnar spurningar lagðar fyrir drengina. Þessi meðferð þótti þó ekki leiða til réttarspjalla, eins og málið var vaxið. Þrátt fyrir það hefði átt að kynna ákærða sakarefnið strax í upphafi lögreglurannsóknar og gefa honum þá kost á að fá sér skipaðan réttargæslumann. Rannsókn lögreglu þótti því ábótavant, en ákærði var þó fundinn sekur.

Á hinn bóginn verður að telja að *játning* hjá lögreglu, sem fengin er án þess að sakborningi hafi verið kynntur réttur til tilnefningar eða skipunar verjanda, verði ekki notuð til stuðnings sakfellingu fyrir dómi, sbr. Hrd. 1988:241.

**Hrd. 1988:241**
S var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn nokkrum ungum drengjum. Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Eins og að framan greinir, fórst það fyrir við lögreglurannsókn í Ólafsvík vegna brots, sem í þessum lið ákæru greinir, að benda ákærða á rétt hans til að fá skipaðan réttargæslumann. Við dómsrannsókn í sakadómi Árnessýslu féll ákærði frá fyrri framburði sínum fyrir lögreglu. Verður játning ákærða fyrir lögreglunni í Ólafsvík ekki lögð til grundvallar dómi í málinu. Telst því ósannað, að ákærði hafi framið brot það, sem ákært er fyrir undir þessum lið, og ber að sýkna hann af þessum ákærulið.“

Öðru máli kann þó að gegna, ef sakborningur hefur staðfest fyrri framburð sinn hjá lögreglu, í síðari skýrslutöku hjá lögreglu, þótt honum hafi ekki verið kynntur réttur hans til verjanda við fyrri skýrslutökuna. Í því sambandi má benda á Hrd. 1991:277.

**Hrd. 1991:277**
Í máli þessu var B ákærður fyrir rán, en atvik máls gerðust í tíð laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. B var yfirheyrður nokkrum sinnum við rannsókn málsins, og fór fyrsta skýrslutakan af honum fram í Borgarnesi, þar sem hann var handtekinn fljótlega eftir verknaðinn. Í dómi sakadóms Reykjavíkur segir orðrétt: „Á hinn bóginn er á það að líta, að lögreglumanni þeim, sem yfirheyrði ákærða B, láðist að gæta ákvæða 4. mgr. 61. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar sem ákærði staðfesti þennan framburð í öllum meginatriðum við yfirheyrslu hjá RLR, þykir það ekki draga úr sönnunargildi játningarinnar í Borgarnesi, þótt ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á réttargæslumanni.“ Hæstiréttur staðfesti dóm sakadóms, með vísan til forsendna.

### *Lokaorð*

Hér að framan hefur verið gefið stutt yfirlit yfir helstu reglur sem lúta að skýrslutöku hjá lögreglu við rannsókn sakamála með sérstakri hliðsjón af þeim breytingum sem fólust í lögum nr. 88/2008. Eðli málsins samkvæmt er þó ekki unnt að gera slíku efni tæmandi skil í grein sem þessari. Í lokin er þó rétt að minnast á ákvæði í 2. málsl. 2. mgr. 52. gr. SML sem lýtur að rannsókn lögreglu þótt ekki sé fyrir hendi grunur um refsiverðan verknað. Þar segir að enn fremur skuli lögregla rannsaka mannslát, mannshvörf, eldsvoða, slys og aðrar ófarir, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að lögreglurannsókn fari aðeins fram vegna gruns um refsiverðan verknað, og hefur skýrslutaka hjá lögreglu í slíkum tilvikum annað markmið heldur en að leiða í ljós sekt eða sakleysi einstaklings.

### *HEIMILDASKRÁ*


**Dómasafn Hæstaréttar**
**Eiríkur Tómasson.**1999. *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi.* Bókaútgáfa Orators, Reykjavík.
**Eiríkur Tómasson.** 2003. Hlutverk verjanda, réttindi hans og skyldur. *Lögberg. – Rit Lagastofnunar Háskóla Íslands.* Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 229-274.
**Eiríkur Tómasson.** 2003. Ákæruvaldið í ljósi jafnræðisreglna. *Rannsóknir í félagsvísindum IV.* Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 45-70.
**Eiríkur Tómasson.** Ódags. *Réttarstaða sakbornings og verjanda.* Handrit.
**Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 88/2008.** 135. löggjafarþing; þskj. 252 —233. mál.
**Jónatan Þórmundsson.** 1980. *Opinbert réttarfar.* 2. hefti. 2. útgáfa. Reykjavík.
**Jónatan Þórmundsson.** 1984. Réttarstaða sakbornings. *Tímarit lögfræðinga.* 4. hefti, bls. 199-215.
**Mannréttindasáttmáli Evrópu – Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.** 2005. *Eiríkur Tómasson: Réttur til réttlátrar málsmeðferðar,* bls. 196 – 265. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.



FORTIS
Lögmannsstofa
Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristjan B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.
Laugavegi 7, 101 Rvk • Sími: 520 5000

interMedica.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

HÓTEL SJÓMANNAHEIMILIÐ ÖRKIN

Hringhotels
www.hringhotels.is

gbó LÖGMENN

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS


MAGNUM®
ESSENTIAL EQUIPMENT™
Einkaumboðsaðili Magnum á Íslandi:
Altex ehf.
Kringlan 7 • 103 Rvk • sími 533 5444 • altex@altex.is


Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson
útfararstjóri
Frímann Andrésson
útfararþjónusta
Svafar Magnússon
útfararþjónusta
REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST
Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta
Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta
Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta
Ellert Ingason
útfararþjónusta
Þegar andlát ber að höndum
Önnumst alla þætti útfararinnar
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA
Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is


„Frítt kaffi“
ALLIR EINKENNISKLÆDDIR
LÖGREGLUMENN Á VAKT FÁ
FRÍTT KAFFI Í VERSLUNUM
10-11 ALLAN SÓLARHRINGINN!
10-11
...alltaf opið!
www.10-11.is





# Öldungamót ÍSL í innanhúss-knattspyrnu 2008





**Mótið var haldið 23. maí sl. í Víkinni í Reykjavík af Íþróttafélagi lögreglunnar í Rvík. Upphaflega ætlaði íþróttanefnd Lögreglufélags Austurlands að halda mótið haustið 2008 en ekkert varð af því vegna þess ástands sem upp kom í þjóðfélaginu við hrun bankanna.**

Næst var gerð tilraun til að halda mótið á Austurlandi í byrjun maí sl. en aftur var hætt við með stuttum fyrirvara og ástæðan sögð þátttökuleysi.

Því bauðst ÍFL Rvík til að halda mótið og fór það fram 23. maí eins og áður segir.

Til leiks mættu fjögur lið frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, LRH og eitt lið frá RLS, leiknar voru tvær umferðir.

